

# Sögur af Stefánnum tveim

Guðrún Helga Sederholm: TVÆR SÖGUR AF STEFÁNI. 73. bls.

**Bókaútg.** Örn og Örl. hf. 1979. SUMIR höfundar skrifa vegna síns. Aðrir vegna efnisins. Guðrún Helga Sederholm telst til síðarnefnda flokksins. Saga hennar gæti eins verið í ritgerðarformi. Þetta er dæmisaga — og jafnframt ádeilusaga, hygg ég megi segja. Höfundurinn byrjar á formála. Það er móður í konunni. »Ár barnsins 1979. Verða fleiri börn hamingjusöm árið 1979 en önnur ár? Erum við fullorðna fólk ef til vill bara að fríða samviskuna með því að tileinka börnum þetta eina ár?» spyr Guðrún Helga.

Dæmisaga, sagði ég, raunar eru þær tvær. Sömu persónur, sömu nöfn, en aðrar aðstæður. Í fyrri sögunni eru foreldrar Stefáns litla forstandsfólk. Í seinni sögunni logar allt í fyllri og slagsmálum sem endar náttúrulega með lögregluheimsókn og skilnaði. En Stefán litli er býsna nærri því að vera samur og jafn báðar sögurnar í gegnum. Í báðum er hann misskilinn og í rauninni forsmáður þó með mismikilli áherslu sé. Í fyrri sögunni er hann haldinn þeirri áráttu að skrifa undir borð og hína þar einn með hugsunum sínum. Hann langar að spyrja og fræðast, blanda geði við fullorðna fólk, en árangurinn er tregur. »Hann var orðinn hálfgragur við að spyrja eins mikið og áður því stundum fékk hann engin svör,

bara grettu, dauflétt bros eða hausahristing.»

Frá sjónarmiði fullorðna fólksins litur þetta þó öðru vísi út og endar sagan með þessum orðum:

»Stefáni leið yfirleitt vel, hann var elskaður af öllum í fjölskyldunni og fékk þá athygli og umhyggju sem hann bað um, stundum meira. Enda sagði amma oft að hann væri eins mikið kysstur og fóturinn á Sankti Pétri.»

Í seinni sögunni er útlitið iskyggilegra og getur Stefán nú ekki leitað til neins nema Lilju, eldri systur sinnar, sem reynist ekki aðeins bjargvættur Stefáni litla heldur lífakkeri alls hins hrjáða heimilis. Sumar lýsingarnar í þeim hluta bókarinnar eru naumast við barna hæfi eins og stundum er sagt.

Guðrún Helga skrifar einarðlega en ekki með neinum glæsi-brag og ætlar sér það sennilega ekki, kys heldur að klæða stíl sinn hversdagsbúningi. Ekki leikur vafi á að lýsingar hennar eiga stóð í veruleika. Mörg börn alast upp við skilningsleysi foreldra, og botnlaus óregla af því tagi sem lýst er í seinni sögunni er að minnsta kosti til þótt ekki sé hún algeng og bitnar þá á börnunum eins og öðrum. Umhverfi barnsins er annað í borg nú á tímum en var í sveit á dögum afa og ömmu. Það krefst nýrra úrræða og endurnýjads skilnings á þörfum barna. Hitt er annað, að skilningsleysi, tillitsleysi, þjónaskapur, óregla og vandamál af slíku tagi hafa alltaf verið til og verða alltaf til. Fyrir fjórutíu árum skrifaði Guðrún Jónsdóttir frá Prestsbakka skáldsöguna Fyrstu árin um svipað efni og Guðrún Helga bregður hér

undir brennigler, en á allt öðrum grundvelli vitanlega þar sem sú saga gerist í allt annars konar umhverfi og við gerólíkar aðstæður. Jenna og Hreiðar lýstu í sögunni Stelpur í stuttum þilsum afstöðu unglinga til óreglusamra foreldra. Kynslóðabilið hefur alltaf verið til og því miður verður það aldrei brúað til fulls. Sá, sem telur að allt hafi verið gott í gamla daga en allt sé illt nú á dögum, blekkir sjálfan sig. Eg segi þetta ekki vegna þess að nokkurs staðar komi fram í þessari bók Guðrúnar Helgu að hún sé haldin slíkum blekkingum heldur sakir hins að slíkur misskilningur skýtur oft upp höfði þar sem maður á hans hreint ekki von — og vissulega hefði mátt koma skýrar fram í þessum sögum á hvað Guðrún Helga er í raun og veru að deila, hvað hún er að fara, hvað hangir á spýttunni. Tvær sögur af Stefáni eru góðar svo langt sem þær ná, en lýsa of skammt. Mér sýnist Guðrún Helga einangra um of sögu-svið sitt, einangra hluti sem í lífinu og raunveruleikanum standa í órofa samhengi við aðra hluti. Eg er ekki á móti stuttum sögum, en tel að þessar sögur hefðu þurft að vera bæði lengri og fyllri.

Það er svo spurning út af fyrir sig hvers vegna Guðrún Helga velur þetta form, skáldsöguformið, í stað þess að skrifa ritgerð. Er það vegna þess að Íslendingar séu svo grunnmúraðir í skáldskap að þeir vilji ekki lesa um vanda-málin í samfélaginu nema þeim sé sagt efnið í sögu? Treystum við ekki á ritgerðarformið? Eða vill höfundurinn ekki tjá sig nema svona — undir rós?

Hugsanlega velur höfundur þetta form til að eiga hægara með að lita dökkt og ljóst. Fyrirgangurinn í seinni sögunni er allsvakalegur. Hann er al-dökkur. En samheldni systkinanna í sömu sögu er

næstum með ólíkindum — nálgast að vera eins og í rómántísku ævintýri frá níttjándu öld. Hún er öll í ljósu. Því meira sem börnin sjá af hinu illa, því betri verða þau hvort við annað. Getur hyski af því tagi sem sagan greinir frá endurnýjast í slíkum afkomendum, er þetta ekki að sniðganga erfðafræðina? Ástandið hefur þau áhrif á Stefán litla að hann stirðnar í döða og stjarfa, hverfur inn í sig, verður einmana: Því meira sem foreldrarinn andskotast því hægara hefur hann um sig. »Lifið hélt áfram en skildi Stefán eftir.« — Endir!

Vitað er að börn, sem hreppa illt atlæti heima hjá sér, hefna þess oft á götunni, í skólanum, eða síðar — á skemmtistaðnum eða vinnustaðnum. Þeirri hlíð málanna er ekki lýst hér. Guðrún Helga leitast við að tjá viðbrögð barns við tilteknum, afmörkuðum og einangruðum atferlisdæmum misgóðra foreldra. Sagan stefnir ekki hátt sem skáldverk, enda tilgangssaga frá upphafi til enda. Ekki er þó þar með sagt að Guðrún Helga skrifi ekki með tilþrifum, að minnsta kosti stundum. Það er talsverður kraftur í henni þegar öllu er á botninn hvolft.

**Kári Eiríksson** er sérstætt fyrirbæri í íslenskri myndlist, ef hægt er að flokka viðleitni hans, þessa furðulegu loftfimleika með pentskúfinni, til íslenskrar myndlistar. Allir, er eitthvað þekkja til alþjóðlegra myndlistar, verða fljótlega varir við áhrif úr mörgum áttum í myndheildum hans, sem ekki væri frágangssök, ef það væri ekki í þá veru, að stílbrogðunum er hrært saman, hvort sem það fellur við lífæðar og ryþma heildarinnar eða ekki.

— Kári tileinkaði sér viss stílbrogð, er hann dvaldi í Flórenz í eina tíð, og hefur haldið tryggð við þau allar götur síðan, en í ýmsum útgáfum. Þar umgekkst hann aðallega hóp amerískra myndlistarmanna og er meira en sennilegt, að þessi sérstaki stíll sé tilkominn út frá áhrifum þessara kynna og að félagar hans hafi sjálfir blandað saman áhrifum frá landa þeirra, Andrew Wyeth, og franska málaranum Bernard Buffet. Undirritaður kannast mjög vel við þessa blöndu og hennar sér t.d. stað víða í Evrópu og er m.a. mjög áberandi í rammaverzlunum og þá í lélegri útgáfu. Kári bætir hér við ljóðrænum áhrifum af suðrænum uppruna, bæði héðan úr álfunni og Mexíkó.

Það er gefið mál, að það þarf mikið hugvit og mikla vinnu, ef takast skal að vinna sterkar myndheildir úr jafn ólíkum áttum og hér á sér stað, en eftir myndum Kára

## Sýning Kára Eiríkssonar

áð dæma, virðist honum einmitt flest betur gefið en löng yfirseta yfir sama málverkinu. Allflestar myndirnar á sýningu Kára að Kjarvalsstöðum bera það ljóslega með sér, að hér sé um skorpuvinnubrögð að ræða og að hann sé hamhleypa með pentskúfinni, taki hann á annað borð á honum.

— Hinn mikli franski myndhöggvari Auguste Rodin mælti eitt sinn í heyrandi hljóði: „Öll list mín byggist á því að stela frá öðrum myndhöggvurum en „nota bene“ það er ekki sama hvernig það er gert, þetta eru allt brotabrot annarra myndhöggvara að viðbættum persónuleika mínum“. — Þetta var kaldranalegur framláttur en engu að síður hárréttur, og hér mælti maður, er tekist hafði að móta einn persónulegasta stíl samtíðar sinnar í höggmyndalist og var að auki frábær teiknari.

Það gefur auga leið, að allir listamenn eru undir áhrifum frá öðrum listamönnum og að persónulegur stíll er þá að sjálf-sögðu samrúni margvíslegra áhrifa,

## Myndlist eftir BRAGA ÁSGEIRSSON



innsæi viðkomandi einstaklings á umhverfi sitt og samtíð svo og eðli sjálfs hans og uppruni. — Þannig hlýtur það að vera vafasamt, er Kári telur sig geta heimfært öll áhrif sín til Dýrafjarðar, — flutt hluta heimslistarinnar, — blóð, tár og svita ótal annarra myndlistarmanna á heimaslóðir, svo sem þá er hann segir: „ég er sprottinn úr dýrfirzkum jarðvegi, þaðan hef ég allt mitt“, — og einnig: „sá er illa settur, er þekkir ekki sinn uppruna!“

— Hvaðan skyldi íslenskum listamönnum koma sú hugmynd og heimild að tengja erlenda liststrauma og áhrif alfarið bláma æskustöðva sinna í stað þess að tala hreint út og segja sem svo: „þetta eru áhrif víða að úr heimilum, sem ég hef meðtekið með kenndum uppruna míns, — eins konar blanda heimslistarinnar og lítils dalverpis, þar sem ég fæddist og ólst upp (svo gripið sé til skáldlegrar samfíkingar).

Undirritaður var á sínum tíma nokkur ár í vegavinnu á Vestfjörð-

um, bæði á heiðum uppi og í dölum niðri, — var þar áður skamma hríð í sveit og hefur ferðast vítt um Vestfirði og Breiðafjarðareyjar. Þetta er hrikalegur en þó dásamlegur hluti af landinu, landslagið fjölskrúðugt og magnað. Eg þykist þekkja landið og Vestfirði í römmum kveðskap Jóns Helgasonar: „Kögur og Horn og Heljarvík/ huga minn seida löngum;/ tættist hið salta sjávarbrim/ sundur á grýttum tögum;/ Hljóðbunga við Hrollaugsborg/ herðir á stríðum söngum;/ meðan sinn ólma organleik/ ofviðrið heyr á Dröngum.

— Myndir Kára Eiríkssonar vekja hinsvegar upp hjá mér allt aðrar kenndir. Eg sé flottheitinn gjörli ásamt gnótt af suðrænu skrauti, en ekki nakinn íslenskan né vestfirskan veruleik.

Vinsældir mynda Kára eru dálítið merkilegt fyrirbæri, en þó er ekki ástæða til annars en að óska honum til hamingju með þær og aðra velgengi.

Eitt sinn var ég staddur að Bifröst í Borgarfirði og naut þess að slappa af í veitingasalnum á fögru sumarkvöldi. Á veggjunum í kringu hengu málverk eftir nokkra af höfðameisturum okkar og svo ein mynd eftir Kára (svo sem í öllum húsakynnum. Samvinnuhreyfingarnar um gjörvallt Ísland). Mér hugkvæmdist þá að spyrja frammi-stöðustúlkunnar, eina af annari, hvaða málverk hrífi þær mest, — það kom fát á þær flestar er ég spurði, líkast því sem þær sæju myndirnar í fyrsta skipti, en bentu svo eftir nokkra umhugsun á mynd Kára, ein af annari. Mér varð þetta umhugsunarefni og er ennþá, en nú er ég líf málverk Jóhannesar Kjarvals á veggjum veitingastofu Myndlistarhússins á Miklatúni, rólegar, magnaðar, safaríkar og jarðbundnar, og ber svo saman við allt skrautið og flottheitinn í málverku Kára Eiríkssonar í vestri sal, — þá finnst mér andstæðurnar slíkar, að helst dytti mér í hug sem hlöðstæða í samanburðarfræði, Beethooven og Elton John. Þessir karlar eiga sína tryggu aðdáendur og megi báðir hóparnir una vel og sælir við sitt.

Lítið á sýninguna í heild þykir mér sem fyrr styrkur Kára Eiríkssonar liggja í hinni ljóðrænu kennd. Það getur að líta góða hluti í nær hverri einustu mynd, en þessi óskiljanlega ástríða hans að bæta við flottum línunum og leiftursnöggu stríkuum deyða þær einnig næstum allar. Hér kemur það greinilega fram, að vinnubrögðin eru ekki nægilega yfirveguð né hnitmiðuð, stríka- og línuheimurinn ekki nægilega sannfærandi né lífrænn (organískur). Eg nefni hér sem dæmi einungis tvær myndir, þar sem stríku og línur íþyngja ekki, „Logn“ (15) og „Selströnd“ (35), og hvíllur munur! Af myndum, sem eru byggðar að mestu upp á stríkuum og án ljóðræns bakgrunns, er mér minnisstæðust myndin „Heysáta“ (11). Eg vildi mjög gjarnan sjá miklu fleiri slíkar myndir frá hendi Kára Eiríkssonar, í senn einfaldar og heilsteyptar.


Bragi Ásgeirsson.

## Bókmenntir


eftir JÓHANN HJÁLMARSSON

August Strindberg: RAUÐA HERBERGID. Lýsingar úr lífi listamanna og rithöfunda. Hjörtur Pálsson íslenskaði. Almenna bókafélagið 1979.

RAUÐA herbergið lýsir lífi listamanna og rithöfunda í Stokkhólmi á tímum Strindbergs og mun rithöfundurinn Arvid Falk, ein helsta persóna skáldsögunnar, að nokkru vera hann sjálfur. Rauða herbergið dregur upp myndir af ráðviltum og svallsömum listamönnum og hégómalegri mennta-



August Strindberg.



Hjörtur Pálsson.

stétt og eru skeyti Strindbergs mörg og vægðarlaus.

Það eru þó ekki fyrst og fremst listamenn og ýmiskonar fólk í kringum þá sem Strindberg vegur að. Rauða herbergið er ádeilusaga